

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sleipnir <sleipnir@sleipnir.is>
Sent: föstudagur, 28. apríl 2023 11:08
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: Endurnýjun umdóknar um styrk v. Félagshús Sleipnis
Attachments: Flóahreppur_styrkur_félagshús copy.pdf; ATT00001.htm; Hestaípróttir_Árborg-Flóahreppur_2021-24 copy.pdf; ATT00002.htm; LBI.png; ATT00003.htm

Sæl, hér kemur formlegt erindi um endurnýjun á stuðningi við rekstur félagshúss Sleipnis sbr. bókun sveitastjórnar 13. jan 2022. Um er að tímabilið 2023 og 2024 sem er það tímabil sem við erum með samning við Árborg um stuðning þeirra.

Vísa frekar til samksipta okkar í gær / morgun.

Meðfylgjandi viðhengi skýra málið frekar. Ef eitthvað er óljólst eða gögn vantar endilega hafið samband.



SLEIPNIR
— stofnað 1929 —

Flóahreppur
bt. Sveitastjórnar

Hestamannafélagið Sleipnir, íþróttafélag, óskar eftir stuðningi við verkefni félagsins „Félagshús Sleipnis“ sem farið var með af stað í byrjun október sl.

Verkefninu er ætlað að stuðla að aðgengi barna og unglinga að hestaíþróttum, óháð baklandi þeirra eða aðstöðu sem og að stuðla að nýliðun í hestaíþróttum.

Stjórn Sleipnis fer þess á leit við sveitastjórn Flóahrepps að verkefnið verið styrkt sérstaklega eða í samræmi við stuðning við aðra íþróttastarfsemi í sveitafélaginu.

Sleipnir endurnýjaði í ár aðild sína sem „Fyrirmyndafélag ÍSí og Ólimpíusambandi Íslands“ en sú viðurkenning er veitt til fjögurra ára í senn og endurnýjuð að undangenginni könnun á félaginu og starfsemi þess.

Í fylgiskjali er samrit fréttatilkynningar sem birtist í Dagskránni og skýrir verkefnið nánar.

Fh. Hönd stjórnar Sleipnis,

Sigurvaldi R. Hafsteinsson, ritar stjórnar.
sleipnir@sleipnir.is // GSM 897-1299



Hestaíþróttir allt árið á Selfossi

Nú geta börn og unglingar, sem ekki hafa aðgang að hesti, í fyrsta sinn stundað hestaíþróttir allt árið á Suðurlandi. Hestamannafélagið Sleipnir, býður börnum og unglingum að æfa hestaíþróttir hjá félaginu. Verkefnið hófst í október síðastliðnum en hjá okkur er innifalinn aðgangur að hesti og reiðtygjum, kennsla í reiðmennsku hjá reyndum þjálfurum auk bóklegra og verklegra tíma í umhirðu og flestu sem fylgir því að halda hest.

Stjórn félagsins ákvað í haust að fara í þetta verkefni eftir reynslu af prufuverkefni sem var rekið á vorönn 2021 í samvinnu við Elísabetu Sveinsdóttur en hún rekur úrræðið “Treystu mér”, fyrir börn og unglinga sem eiga í erfiðleikum, þar sem unnið er með hestum á svæði félagsins.

Félagið tók á leigu húsnæði til rekstursins og hefur notið stuðnings félagsmanna með hross og reiðtygi. Rekstur verkefnisins er á höndum félagsins og höfum við óskað eftir aðkomu sveitarfélaga að rekstrinum með svipuðu sniði og stutt er við önnur íþróttafélög.

Daglegur rekstur hestaíþróttanna hjá Sleipni er í höndum formanns æskulýðsnefndar félagsins, Lindu Björgvinsdóttur en hún nýtur stuðnings Guðbjargar Önnu Guðbjörnsdóttur, meðlims stjórnar félagsins. Guðbjörg kemur frá hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði, þar sem bæjarfélagið hefur keypt góða aðstöðu undir hestaíþróttir ætlaðar yngri flokkum barna, unglinga og ungmenna í hestaíþróttum og eru tveir starfsmenn bæjarins þar sem sjá um hesthúsið og skipulagningu starfseminnar í samvinnu við stjórn Sörla.

Sleipnir leggur áherslu á gott utanumhald um æskulýðsstarfið og státar af einum knapa í hæfileikamótin LH (Landssambands hestamanna) sem er afrekshópur ungra knapa 13-17 ára og tengist landsliðsverkefni sambandsins.

Sleipnir á jafnframt þrjá knapa í U-21 árs landsliðinu og þrjá í eldri knapa landsliðinu. Tveir knapar úr Sleipni voru tilnefndir til verðlauna á uppskeruhátíð Landssambandsins, þau Sigursteinn Sumarliðason sem skeiðknapi ársins og Gyða Sveinbjörg Kristinsdóttir sem efnilegasti knapi ársins. Marga afreksknapa mætti telja upp, úr röðum félagsmanna, sem lýsir best miklum áhuga á hestaíþróttum á svæðinu.

Sleipnir vill vinna að framgangi hestaíþróttarinnar og hlúa sérstaklega að barna og unglingaflokkum með því að bjóða upp á aðstöðu og utanumhald með það að markmiði að einfalda aðgengi að íþróttinni.

Við bjóðum áhugasöm börn og unglinga velkomin til okkar í þessa skemmtilegu íþrótt.

Formaður Sleipnis,
Sigríður M. Björgvinsdóttir.



FLÓAHREPPUR

Hestamannafélagið Sleipnir
Sigurvaldi R. Hafsteinsson
Tjörnum
803 Flóahreppur

Þingborg 13. janúar 2022

Efni: Félagshesthús Sleipnis – styrkbeiðni

Erindi þitt dagsett 30. desember 2022, styrkbeiðni vegna starfsemi félagshesthúss barna og ungmenna á vegum Hestamannafélagsins Sleipnis fyrir árið 2022, var afgreitt á 257. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 11. janúar síðastliðinn með eftirfarandi bókun.

„Erindi frá hestamannafélaginu „Sleipni“ – styrkbeiðni vegna félagshesthúss fyrir börn og ungmenni

Lögð fram að nýju umsókn frá Hestamannafélaginu Sleipni um styrk til þess að reka félagshesthús fyrir börn og ungmenni í hesthúsaerfinu á Selfossi. Meðfylgjandi er rekstaráætlun verkefnisins ásamt lýsingu á þeim markmiðum sem verður unnið eftir.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir styrk kr. 134.000 til eins árs sem er í réttu hlutfalli við framlag sveitarfélagsins Árborgar miðað við íbúafjölda. Foreldrar í Flóahreppi eru hvattir til þess að kynna sér þennan möguleika barna til íþróttaiðkunar. Þátttökugjöld rúmast innan reglna Flóahrepps um hvatastyrki.

Samþykkt með 5 atkvæðum.“

Vinsamlega sendið reikningsupplýsingar á gjaldkera Flóahrepps á netfangið anna@floahreppur.is

F.h. Flóahrepps


Eyvindr M. Magnússon, sveitarstjóri